

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnveitna ríkisins.

Flm.: Lárus Jóhannesson, Páll Zóphóniasson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfjarðarkaupstað til raforkuvinnslu í allt að 1830 hestafra orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
2. að virkja Hvammsá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafra orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Vopnafjarðarkauptúns.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 19.645 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 6.5 milljónum króna, þó eigi meira en nemur  $\frac{1}{3}$  hluta af stofnkostnaði mannvirkjana.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og orkuveiturnar og tryggt sé, að nægilegt fé sé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem ræðir um í 1.—3. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Að frv. þessu standa auk flutningsmannanna aðrir þm. af Austurlandi, þeir Ásmundur Sigurðsson, 5. landsk. þm., Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., Jónas Árnason, 10. landsk. þm., Lúðvík Jósefsson, 2. landsk. þm., og Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Er í frv. þessu farið fram á, að bætt verði að nokkru leyti úr brýnustu rafmagnsþörf íbúa Austfirðingafjórðungs.

Austfirðingafjórðungur hefur orðið allmikið aftur úr með rafvirkjanir. Er ein af meginorsökunum sú, að athuganir á því, hvaða virkjanir séu hentugastar og komi sem flestum íbúum að notum, hafa dregizt mjög lengi.

Var eytt löngum og dýrmætum tíma til að athuga virkjunarmöguleika í Gilsár-vötnum og Lagarfossi, en hvor tveggja þessi fallvötn voru talin líkleg til virkjana fyrir stór svæði, þó að síðar væri frá því horfið að virkja þau.

Þetta hefur tafið t. d. sérvirkjun fyrir Seyðisfjarðarkaupstað um árabíl, og á þeim tíma hefur kostnaður við vélakaup og allur vinnukostnaður farið stórhækkandi.

Í sumar hefur verið gerð nákvæm áætlun um virkjun Fjarðará í Seyðisfirði, og er talið, að 1830 hestafra virkjun sé hagstæðust. Kostar virkjun hvers hestafra kr. 5850.00 auk háspennulína til Neskaupstaðar, sem áætlað er að kosta muni 3.5 milljónir með spennistöð í Neskaupstað, og sams konar lína til Eskifjarðar 1.8 millj. kr.

Er þetta auðvitað mun dýrara en þær rafvirkjanir, sem þegar hafa verið reistar eða eru í byggingu, en það sama má væntanlega segja um allar þær rafvirkjanir, sem eftirleiðis verður ráðizt í.

Í þessu sambandi má geta þess, að talið er, að úr Fjarðará megi virkja upp í ca. 10000 hestöfl, ef grundvöllur verður fyrir slíkri virkjun.

Í Hvammsá er gert ráð fyrir að virkja 500 hestöfl til afnota fyrir Vopnafjarðarkauptún og sveitina í nágrenni við það. Virkjun hvers hestafra þar er áætlað að muni kosta kr. 5405.00. Vopnafjarðarkaupstaður er í vexti og hefur brýna þörf fyrir rafmagn, m. a. í sambandi við fiskiðnað.

Rafmagn má nú orðið telja til brýnustu lífsnauðsynja, og verður á einhvern hátt að sjá minni kaupstöðum og strjálbýlinu fyrir rafmagn, ef heilir landshlutar eiga ekki að eyðast að fólki.